

Áfangalýsing og Grunnþættir menntunar.

Heiti áfanga: NORS2BB05

Staða áfanga: NORS2BB05 er annar áfangi í norsku á menntaskólastigi, að loknum NORS2AA05. Áfanginn er undanfari NORS3CC05.

Norska er kennslumálið í öllum áföngunum.

Stutt lýsing á áfanganum: Nemendur eru þjálfaðir áfram í ritun, lestri, gagnrýnni hugsun og rökræðu. Farið verður dýpra í ritun texta og rökfærslu. Áfram er lögð áhersla á að byggja upp virkan og óvirkan orðaforða nemenda, með lestri og samtali. Lestur styttri bókmennta- og nytjatexta á norsku, áframhaldandi undirstöðupjálfun í bókmennta- og textagreiningu er einnig hluti af þessum áfanga, en auk þess velja nemendur sér texta til greiningar: *nytjatexta* (fagreinar, ræður, umfjöllun ...) eða *bókmenntir* (ljóð, smásögur, skáldsögu, leikrit eða myndir). Heimalestur er mikilvægur!

Nokkur lykilmarkmið áfangans: Að nemendur

- noti orðabækur sér til gagns, (t.d. www.ordbokene.no)
- **noti norsku í kennslustundum,**
- segi frá lesnum texta, taki þátt í samræðum og tjái sig með viðeigandi orðalagi og rökum,
- noti orðaforða og hugtök sem unnið er með í námsefninu, í nýju samhengi,
- noti gagnrýna hugsun til að greina og fjalla um texta, munnlega og skriflega,
- skrifi lengri texta með greiningu: á ljóðum, smásögum, skáldsögu eða leikriti; eða á nytjatexta,
- tjái sig skriflega á skapandi hátt, t.d. í formi ljóðs, smásögu, ávarps, myndasögu eða ræðu.

Námsmat: Í kjarnaáföngunum NORS2AA05 og NORS2BB05 byggist námsmatið á vinnuframlagi nemenda á önninni: heimalestri/undirbúningi, virkri þátttöku í tímum, skriflegum verkefnum, hlutaprófum og lokaprófi. Nemendur þurfa að ná lágmarkseinkunn í öllum námsþáttum.

Grunnþættir menntunar sem tengjast áfanganum:

Að beita gagnrýnni hugsun og færa rök fyrir máli sínu er meðal undirstöðupáttá lýðræðis, réttlætis og jafnréttis. Að greina texta dýpkar skilning á sannleiksgildi hans og boðskap. Að lesa og skilja margvíslega texta, í hvaða formi sem þeir birtast, gefur færi á innsýn í hugarheim og líf skjör annarra; eykur samkennd, áhuga, hugmyndaauðgi og sköpun, sem og möguleika nemenda á að verða virkir þegnar í samfélaginu. Aukinn lesskilningur eykur einnig líkur á ígrundun í hugsun, tali og ritun, sem aftur ýtir undir sjálfbærni og góða dómgreind.

Målet med norskundervisning i videregående skole er å:

- *forbedre elevenes språklige kompetanse ved å øke deres ordforråd gjennom diverse øvinger og lesning af ulike teksttyper,*
- *øve grammatiske strukturer,*
- *utvide deres evne til å uttrykke seg både muntlig og skriftlig,*
- *gi elevene nærmere innsikt i norsk litteratur og det norske språkets utvikling i det norske samfunnet i dag, og i landets historie,*
- *vedlikeholde og bygge ut elevenes språkkunnskaper for å klare seg i nordiske samfunn og gi dem anledning til å oppleve, bli engasjert, undre seg og få innsikt i andre menneskers tanker og livsbetingelser.*

(úr norskri námskrá fyrir framhaldsskóla.)